



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 14.11.2022

Efni: Styrkbeiðni frá Stígamótum

Meðfylgjandi er erindi frá Stígamótum dagsett 31. október 2022 þar sem óskað er eftir áframhaldandi rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ vegna ársins 2023.

Stígamót bjóða upp á viðtöl, netspjall, sjálfshjálparhópa og fræðslu til fólks sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi ásamt öðrum verkefnum.

Undanfarin ár hefur Kópavogsbær styrkt Stígamót árlega um ákveðnar upphæðir. Á árinu 2020 var rekstrarstyrkurinn 930.000 krónur og árið 2021 var hann 1.000.000 krónur.

Í drögum að fjárhagsáætlun velferðarsviðs árið 2023 er gert ráð fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka.

Lagt er til að Stígamótum verði veittur styrkur á árinu 2023 að upphæð 1.000.000kr.

Virðingarfyllt
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,

Katrín María Lehmann
Verkefnastjóri velferðarsviðs

Fylgiskjal 1: Styrkbeiðni Stígamóta fyrir árið 2023.